

Sjálfboðaliðum fækkar

Þörf og framboð minnka

Sjálfboðavinna er óðum að minnka í þjónustustörfum við Vestmannaeyingana. Meira er nú orðið um að menn vinni fyrir kaupum við störfin.

Allan tímann hefur starfsfólk bæjarskrifstofanna unnið sín störf á launum, og þeim hefur verið greitt sitt fastakaup, að sögn Gunnars Jónssonar, bæjargjaldkera, en ekki hefur yfirvinna verið greidd ennþá að minnsta kosti.


„Þróunin hefur verið sú nú undanfarið, að sjálfboðavinna hefur minnkað og í sumum störfum eru allir sjálfboðaliðar hættir störfum,” sagði Georg Tryggvason í samtali við blaðið. „Kemur þar hvort tveggja til, að fólk, sem var hér í sjálfboðastörfum hefur orðið að hverfa aftur til vinnu sinnar og einnig að þörfin fyrir vinnuafli er ekki orðin eins brýn og fyrst var.”

Þau störf, sem enn eru unnin í sjálfboðavinnu í Hafnarbúðum, eru í matstofunni á neðstu hæðinni. Þar vinna konur úr kventfélögum auk tveggja

launaðra matreiðslumanna. Auk þess mun talsvert vera starfandi af sjálfboðaliðum úti í Vestmannaeyjum.

Þröstur Sigtryggsson skipherra, hefur yfirumsjón með flutningum á búslöð og afgreiðslu á slíku hér í Reykjavík. „Við höfum ekki neina sjálfboðaliða á okkar vegum hér í Reykjavík. Þeir, sem afgreiða búsmunina til Vestmannaeyinganna hér, eru starfsmenn bæjarins, sem eru á fullum launum, sagði Þröstur, þegar blaðið hafði samband við hann í morgun.

„Við höfum notið mjög góðrar aðstoðar sjálfboðaliða hingað til. Sérstaklega finnst mér vert að geta framlags nemenda Styrismannaskólans, en þeir hafa lagt óhemju vinnu af mörkum við uppskipun úr skipum og affermingu flugvéla. En núna eru sem sagt engir sjálfboðaliðar starfandi hjá okkur hér. Ég veit ekki glöggst hvernig því hefur verið varið með útskipun í Eyjum, ég hafði ekki umsjón með því.”



Öll vinna við sýninguna og uppsetningu hennar var unnin í sjálfboðavinnu. Hér sjáum við Jóhannes Jónsson hagræða Kjarvalsmyndinni, sem málað er báðum megin á. Sýningin er haldin í húsakynnum Listasafns ríkisins.

Vinningur í Vestmannaeyjahappdrættinu

Málaður báðum megin!

Nú geta menn keypt sér dýrindis málverk og lagt góðu málefni lið um leið, því að í dag klukkan fjögur verður opnuð sýning á 80 verkum, sem 45 listamenn hafa gefið til styrktar Vestmannaeyingum. Einnig verður happdrætti á vegum sýningarinnar með góðum vinningum.

Ekki verður um venjulegt sölufyrirkomulag að ræða á myndunum, heldur gefst fólki kostur á að bjóða í þær. Akveðið lágmarkstilboð er tilgreint og mega boð ekki vera undir þeirri upphæð, sem þar greinir. Þegar sýningunni er lokið, verða til-

boðin svo opnuð, og falla myndirnar þá í hendur hæstbjóðendum.

Happdrættið verður með því móti, að númeruð sýningarskr. er seld og gildir hún sem happdrættismiði. Vinningar eru fimm, tvö verk eftir Kjarval, og eitt eftir Jón Engilberts, Ninu Tryggvadóttur og Finn Jónsson.

Þess má geta, að önnur myndin eftir Kjarval er þannig, að málað er báðum megin á hana, og ætti því að vera tilvalið að láta hana hanga í lausu lofti. Ef sá sem hana fær í vinning, vill hafa hana uppi á vegg, þá

getur hann snúið henni við öðru hverju til tilbreytingar. Kristján Davíðsson hefur gert plakatið í tilefni þessarar sýningar og verður það selt líka til styrktar Eyjafólki.

Að þessari sýningu standa Félag íslenzkra myndlistarmanna og Listasafn Íslands.

Öllum, sem fýsir að koma og sjá sýninguna, er frjálst aðgangur endurgjaldslaust. Eins og áður sagði, verður sýningin opnuð í dag klukkan 4, en næstu daga verður hún opnuð klukkan hálf tvö. Síðasti dagur sýningarinnar verður næsta sunnudag.

— LÓ.



Það minnir okkur á að sólin hækkar stöðugt á himni, þegar fréttist af nýju fyrirtæki með nafninu Sól h.f. Fyrirtæki þetta ætlar sér að selja sólskin frá Flórída í pappafernum og hefur komið sér upp milljóna útbúnaði til að pakka í fernur hreinum appelsínusafa, sem verður seldur í verzlunum hér. Og með fernunum tekst að lákka verðið svo um munar. Í einu glasi af appelsínusafa sem þessum, munu vera um 5 appelsínur, svo nóg ætti að vera af C-vítamíni til að verjast kvefi og flensu. Myndin er af nýju umbúðunum.

Skólabörn „lögðu undir sig“ hótél:

„HVERNIG GAT SLÍKT GERZT?“

— spyrja yfirvöld skólans í Reykholti, sem nemendur fóru bak við í leikhúsfærd

Skólabörn úr Reykholti brugðust skólafyrirvöldum illilega í leikhúsfærd til Reykjavíkur fyrir nokkrum dögum. Þriðjungur hópsins, eitthvað um 50 manns, hafði með sér samtök um að gista á Hótél Esju í stað heimagistingar hjá ættmennum sínum eins og til stóð.

Eftir leikhúsfærdina varð af talsverð ölvun á hótelinu, ráp um ganga þess og nokkur ólæti og mikið amstur fyrir starfsfólk hótsins og aðra gesti. Hótélið telur, að nemendurnir hafi komizt inn á hótelið með því fororði, að

með þeim yrði einn af kennurum skólans.

Vilhjálmur Einarsson, skólastjóri, sagði í morgun, að sér væri óskiljanlegt hvernig börnin hefðu getað fengið hótélherbergi í svo stórum hópum án þess að hafa með sér ábyrgan mann. Hótélherbergin hefðu verið pöntuð á miðvikudegi, 3 dögum fyrir höfuðborgarferðina, og þá fyrir 30 manns. Hótelið hefði staðfest þetta í samtali við einn nemendanna, ekki ábyrgan aðila innan skólans. Síðan hefðu nemendur pantað 4 herbergi til viðbótar, og á laugardag hefðu þeir verið

að bóka sig allt fram undir miðnætti, samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hefðu komið í yfirheyrslum yfir nemendunum eftir hina leiðu nótt í Esju.

Þá kvað Vilhjálmur hafa komið fram, að unglingarnir hefðu fengið áfengi afgreitt á barnum þar til næturvörður stöðvaði slíkt, enda allir nemendurnir undir tvítugsaldri.

Um nóttina notaði næturvörðurinn svo allsherjarlykil hótelsins, skoðaði inn í hvert herbergi þar sem nemendurnir héldu sig, og reyndi að halda reglu á hlutunum, eins og hægt var. Taldi Vilhjálmur hinsvegar sannað, að

marginir yngri gesta hótelsins þessa nótt, en þarna voru íþróttahópar og fleiri, hafi í samtölum talið sig vera Reykhyllinga, og þannig hafi utanaðkomandi fólk einnig komið inn í myndina og enn svert hlut nemendanna, sem var þó ekki fagur fyrir.

„Nemendurnir voru fullir iðrunar eftir þennan atburð og hafa hármað hann sárlega. Þetta er einhver allra bezti hópur sem við höfum haft, og því kom þetta okkur á óvart. Engum hefur verið vísað úr skóla vegna þessa og verður væntanlega ekki”, sagði Vilhjálmur.

— JBP. —

MORGUNSVÆFUR INNBROTSMANÐUR

Hann á sennilega eitthvað erfitt með að vakna á morgnana, sá sem braut rúðu í úrsmiðavinnustofu s.l. nótt, en það voru þrjár vekjaraklukkur sem hann náði sér í þar.

Það var í úrsmiðavinnustofu

Ingvars Benjamínssonar í Miðbæ við Háaleitisbraut, sem rúðan var brotin og klukkunum stolið. Þrátt fyrir að glerið í sýningar-glugganum var 10 cm þykkt, lét þjófurinn það ekki aftra sér að ná í klukkurnar. Með klukkunum lét

náunginn fylgja ýmislegt annað sem í glugganum var, svo sem nokkrar úrfestar og tvö úr. Ekki hefur maðurinn haft mikinn áhuga fyrir öðru en vekjaraklukkunum, því ekki fór hann inn í verzlunina, heldur lét sér nægja að hreinsa það í burtu, sem stillt

var út í gluggann til að lokka að kaupendum. Vörurnar, sem stolið var, eru að verðmæti um 10.00 krónur, en ekkert skemmdi þjófurinn annað en rúðuna. Ekki er enn vitað hver það var sem klukkunum stal.

— Þ.M.

Íslenzkur stóll í heimspressunni

Heil grein birtist um einn íslenzkan stól í Brezka stórblaðinu Financial Times.

Tilefni þessa var, að alþjóðleg húsgagnasýning var haldin í Bretlandi og íslenzkir húsgagnaframleiðendur sendu framleiðslu sína þangað. Sýningin nefndist International Furniture Fair og var haldin í Earles Court.

Blaðið Financial Times fékk til þrjá valinkunna menn til að velja sér einn hlut af sýningunni. Einn þessara manna heitir Nicholas Hill og er sjálfstæður arkitekt. Þessi maður valdi sér stól eftir íslenzkan arkitekt, Gunnar H. Guðmundsson, og var greinin, sem áður var á minnzt, um þennan stól.

Þetta er líklega ein mesta auglýsing, sem íslenzk iðnaðarvara hefur fengið, því að Financial Times er mjög viðlesnið blað og mikið af kaupþýslumönnum, sem lesa það.

— LÓ.